

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 37

1. árgangur

5.10.1994

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/37/01	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.491 - General Re/Kölnische Rück).....	01
94/EES/37/02	Afturköllun á tilkynntri aðgerð (Mál nr. IV/M.494 Colonia/Lefac/Breuer/KMK-CCI).....	02
94/EES/37/03	Ráðaleitun framkvæmdastjórnarinnar.....	02
94/EES/37/04	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.489 - Bertelsmann/News International/Vox).....	03
94/EES/37/05	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.447 Schneider/AEG)	03
94/EES/37/06	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.470 Gencor/Shell)	03

94/EES/37/07	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.465 GE/CIGI)	04
94/EES/37/08	Ríkisaðstoð nr. C 33/94 (N 645/93) - Ítalía.....	04
94/EES/37/09	Ríkisaðstoð nr. C 20/93 (ex. N 29/93) - Breska konungsríkið	04
94/EES/37/10	Ríkisaðstoð nr. C 29/94 (NN 52/94) - Þýskaland	05
94/EES/37/11	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans - Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum.....	05
94/EES/37/12	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. september 1994 um skipulagningu á tímabundinni tilraun til að markaðssetja sæði í lausri vigt til neytenda	06
94/EES/37/13	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins.....	07
94/EES/37/14	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	08

3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram

94/EES/37/01

(Mál nr. IV/M.491 - General Re/Kölnische Rück)

1. Framkvæmdastjórninni barst 21.9.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem General Re Corporation öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirráð yfir Kölnische Rückversicherung-Gesellschaft AG (nú undir yfirráðum UAP-samstæðunnar) með hlutabréfakaupum í nýstofnuðu félagi. UAP-samstæðan mun halda hagsmunum sínum í nýja félaginu án þess að eiga ráðandi ítök í því.
2. Viðskiptastarfsemin sem um ræðir er á sviði endurtrygginga.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 274, 1.10.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.491 - General Re/Kölnische Rück, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Afturköllun á tilkynntri aðgerð**94/EES/37/02****(Mál nr. IV/M.494 Colonia/Lefac/Breuer/KMK-CCI)**

Framkvæmdastjórninni barst 16.8.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 þar sem fyrirtækin fjögur

- Colonia Versicherung Aktiengesellschaft, Köln
- Lefac-Leasing-Finanz GmbH, Köln
- Breuer GmbH, Hürth og
- Krupp Mobilkrane GmbH, Wilhelmshaven (KMK) öðluðust í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirlát yfir
- CCI Crane Cooperation International Handelsgesellschaft mbH, Langenfeld,

dótturfyrirtæki að fullu í eigu KMK, með hlutabréfakaupum Colonia, Lefac og Breuer (25% hvert) í CCI. Colonia kaupir og á samkvæmt fjárvörslusamningi hlut Breuer.

Í bréfi dagsettu þann 16.9.1994 tilkynntu hlutaðeigandi viðskiptaaðilar framkvæmdastjórninni um þann ásetning sinn að hætta við tilkynnta aðgerð og afturkölluðu tilkynninguna frá 16.8.1994.

Ráðaleitun framkvæmdastjórnarinnar**94/EES/37/03**

1. Framkvæmdastjórnin hefur útbúið skjöl sem hafa að geyma ráðleggingar um túlkun á tilteknum ákvæðum reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 („samrunareglugerðin“)⁽¹⁾, þ.e.:
 - drög að auglýsingu um hugtakið hlutaðeigandi fyrirtæki
 - drög að auglýsingu um hugtakið samfylking
 - drög að auglýsingu um útreikning á veltu.
2. Þeir aðilar sem eiga hagsmuna að gæta geta fengið eintak af auglýsingadrögunum með því að skrifa til heimilisfangsins sem tilgreint er hér á eftir.

Framkvæmdastjórnin gefur þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi auglýsingadrögin á framfæri. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en sex vikum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 278, 5.10.1994. Þrátt fyrir þessi tímamörk verður haft frekara samráð við samtök hagsmunaaðila í Evrópu.

Unnt er að senda athugasemdirnar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísun „UND/CON/TURN“, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**94/EES/37/04****(Mál nr. IV/M.489 - Bertelsmann/News International/Vox)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6.9.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**94/EES/37/05****(Mál nr. IV/M.447 Schneider/AEG)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 1.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**94/EES/37/06****(Mál nr. IV/M.470 Gencor/Shell)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu**94/EES/37/07****(Mál nr. IV/M.465 GE/CIGI)**

Framkvæmdastjórnin ákvað 29.8.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Ríkisaðstoð**94/EES/37/08****Nr. C 33/94 (N 645/93)****Ítalía**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Ítalía lagði til vegna fjárfestingaráætlunar Cartiere del Garda (sjá nánari útlíun í Stjútíð. EB nr. C 271, 29.9.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

Ríkisaðstoð**94/EES/37/09****Nr. C 20/93 (ex. N 29/93)****Breska konungsríkið**

Framkvæmdastjórnin hefur lokið málsmeðferð þeirri sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans og heimilað, samkvæmt a- og c-lið 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans og 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, aðstoðina sem yfirvöld í Breska konungsríkinu veittu Hualon Corporation, Norður-Írlandi, vegna uppbyggingar og tækjabúnaðar fyrir textílverksmiðju (sjá nánari útlíun í Stjútíð. EB nr. C 271, 29.9.1994).

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Ríkisaðstoð
Nr. C 29/94 (NN 52/94)
Þýskaland

94/EES/37/10

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðina sem Þýskaland veitti EKO Stahl GmbH (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar, við:

Commission of the European Communities
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 94/EES/37/11
Mál þar sem framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Belgía lagði til vegna fjárfestingaráætlunar S.A. Cellardennes, ríkisaðstoð nr. N 181/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Frakkland lagði til handa Kimberly Clarck Sopalin í Sotteville, ríkisaðstoð nr. NN 17/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað framlengingu fyrir árið 1994 á aðstoðaráætluninni sem Danmörk lagði til til að hvetja fyrirtæki til að taka þátt í verkefnum á alþjóðavettvangi og á vettvangi bandalagsins, ríkisaðstoð nr. N 116/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til til að styðja rannsóknir vegna endurbóta á vinnuskilyrðum launþega, ríkisaðstoð nr. N 244/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðina sem Þýskaland lagði til til að styðja rannsóknir og þróun á sviði stafrænna háskerpúsjónvarpa (HDTV), ríkisaðstoð nr. N 710/93 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til til að styðja rannsóknir og þróun á sviði upplýsingatekni, ríkisaðstoð nr. N 711/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til til að hvetja samtök til rannsókna á sviði viðskipta, ríkisaðstoð nr. N 783/A/93 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til til að styðja rannsóknir og þróun á sviði efnistækni, líftækni og umhverfistækni, ríkisaðstoð nr. N 783/B/93 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til til að styðja rannsóknir og þróun á sviði upplýsingatekni, ríkisaðstoð nr. N 783/C/93 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til til að hvetja hollensk fyrirtæki til þátttöku í alþjóðlegum rannsóknar- og þróunarverkefnum, ríkisaðstoð nr. N 783/D/93 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til til að efla samvinnu milli undirverktaka og aðalverktaka, ríkisaðstoð nr. N 783/E/93 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Holland lagði til vegna lána til tækniþróunar, ríkisaðstoð nr. N 783/F/93 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað hollensku aðstoðaráætlunina um að veita styrki til eftirlits með umhverfi af hálfu fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 250/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 277, 4.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Spánn lagði til á sviði fiskveiða og sjávardýraeldis, ríkisaðstoð nr. N 390/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 277, 4.10.1994).

Framkvæmdastjórnin hefur heimilað aðstoðaráætlunina sem Þýskaland lagði til til að efla átak til hagnýtra rannsókna og þróunar svo og aukinnar markaðssóknar með þróaðar vörur, ríkisaðstoð nr. N 328/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 277, 4.10.1994).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 9. september 1994 um 94/EES/37/12 skipulagningu á tímabundinni tilraun til að markaðssetja sæði í lausri vigt til neytenda

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun frá 9. september 1994 um skipulagningu á tímabundinni tilraun til að markaðssetja sæði í lausri vigt til neytenda í Stjtið. EB nr. L 252, 28.9.1994. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að tímabundin tilraun sé skipulögð í því skyni að meta hvort markaðssetning á sæði í lausri vigt til neytenda myndi leiða til sparnaðar að því er varðar þökkun, umbúðir og þar af leiðandi förgun þeirra. Tilraunin hefst 1. september 1994 og henni lýkur 31. desember 1997.

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin birtir í 94/EES/37/13
Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins**

Kóði	Titill	Birting í Stjtið. EB
COM(94) 308	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um að setja reglur um aðgang að vissum fiskveiðisvæðum og auðlindum bandalagsins	Stjtið. EB nr. C 247, 3.9.1994
COM(94) 309	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) til breytingar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2847/93 frá 12. október 1993 um að koma á eftirlitskerfi fyrir sameiginlegu fiskveiðistefnuna	Stjtið. EB nr. C 247, 3.9.1994
COM(94) 202	Orðsending frá framkvæmdastjórninni og tillaga að ákvörðun ráðsins og Evrópuþingsins um að samþykkja aðgerðaráætlun bandalagsins um eflingu heilbrigðis, upplýsingar, menntun og þjálfun innan ramma aðgerða á sviði almannheilbrigðis	Stjtið. EB nr. C 252, 14.9.1994
COM(94) 223	Orðsending frá framkvæmdastjórninni Aðgerðir bandalagsins í tengslum við vanabundna fíkniefnaþörf Tillaga að ákvörðun ráðsins og Evrópuþingsins um að samþykkja aðgerðaráætlun bandalagsins um fyrirbyggjandi aðgerðir gegn vanabundinni fíkniefnaþörf innan ramma aðgerða á sviði almannheilbrigðis (1995-2000)	Stjtið. EB nr. C 257, 14.9.1994
COM(94) 297	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu helstu ákvæða varðandi útflutningsgreiðslu váttryggingu vegna viðskipta sem eru tryggð til langs eða meðallangs tíma	Stjtið. EB nr. C 272, 30.9.1994
COM(94) 300	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um að vernda réttindi launþega við flutning fyrirtækja, viðskipta-starfsemi eða hluta viðskiptastarfsemi	Stjtið. EB nr. C 274, 1.10.1994

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

94/EES/37/14

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stj. tíð. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stj. tíð. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun (*)	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils(²)
94-0190-DK	Fyrirmæli um hámarksviðmiðunarmörk fyrir magn ákveðinna sveppaeiturefna í matvælum	17.11.1994
94-0194-I	Ráðherrafrýrmæli um að gera heilbrigðis- og hreinlætiskröfur vegna sölu og afhendingu matvara á almenningssvæðum	1.12.1994
94-0196-I	Reglugerð um endurskoðun og leiðréttingu á ráðherraúrskurði frá 21. mars 1993 varðandi hreinlætisreglugerðir um pökkun, flát og áhöld sem ætlað er að komist í snertingu við matvælaefni og efni til persónulegra nota	28.11.1994
94-0197-I	Reglugerð til framkvæmdar á lögum nr. 238 frá 29. júlí 1991, um breytingu á ákvæðum samræmda textans í lögnum um metrakerfið, eins og hún var samþykkt með konungsúrskurði nr. 7088 frá 23. ágúst 1980 og síðari breytingum	28.11.1994
94-0198-I	Viðurkenning á verkun háspennuskilrofa með ósýnilegu rofi leiðaranna	28.11.1994
(³) (⁴)		

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stj. tíð. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67, 17. 3. 1989, bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6, 4. 5. 1994, bls. 8.

(¹) Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

(²) Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

(³) Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

(⁴) Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.